

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Náttúra fiskirækt ehf	20.11.2018	Laxabraut, Þorlákshöfn	3
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
421111-1380	31.12.2029	Já	Landeldi allt að 1200 tonn bleikja

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Um 360 tonn á árinu 2017 og um 300 tonn það sem af er ári 2018. Áætlun fyrir 2018 er um 340-360 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Áætla stækkun en þó innan umfangs starfsleyfis. Tóku í notkun nýjar borholur um 240L/s vatn og 270 L/s sjó. Nota um 15% af því en rest er til vara.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Skráningar voru í Farm Control, eru að færa sig yfir í Fishtalk. Dagleg skráning framleiðslu og afföll á blöð og svo fært í tölvu. Mánaðalegar skýrslur. Ekki hefur verið fylgst með losun efna út í náttúruna.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Hefur ekki verið skilað.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		GB hefur ekki verið skilað. Útstreymisbókhald barst 13.08.18
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		X		Er ekki til staðar. Rekstraraðili óskaði eftir leiðbeiningum við gerð áætlunarinnar og eftirlitsaðili hefur sent þær.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?		X		Rekstraraðili ætlaði að senda afrit af tryggingarskírteini. Hefur ekki borist eftirlitsaðila.
Er neyðaráætlun til staðar?		X		Vantar. Rekstraraðili óskaði eftir leiðbeiningum við gerð áætlunarinnar og eftirlitsaðili hefur sent þær.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Vinna ekki eftir umhverfismarkmiðum.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Sjálfvirk fóðrun eftir vaxtakúrvum. Fóðrun aðlöguð aðstæðum með að minnka eða slökkva á fóðrun ef aðstæður eru þannig að fiskurinn tekur ekki fóður. Fylgst er með hvort fóðurleifar séu í Færeyingi sem tekur við dauðfiski.
Er skráning á losun fósfora og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Losunarmörk er 14 kgP/tonn. Ekki hefur verið mælt síðan 2016. Skv. vöktunaráætlun á rekstraraðili að mæla á árinu 2018. Losun hefur ekki verið reiknuð út frá fóðurnotkun.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?		X		Greinilegur litur sést á klettunum við útrás frárennslis. Vatnið var mjög gruggugt og örlítill lykt var upp úr brunni. Ekkert sorp eða aðrir aðskotahlutir eða fiskur sáust í frárennslis.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	X			Engin hreinsun er á frárennslinu. Frárennslis kerjanna sameinast og rennur í gegnum brunn þaðan sem hægt er að taka sýni. Þaðan rennur frárennslis um 50 m leið út á klettana og út í sjó.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Sjór.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			X	Nei.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Dauðfiski er safnað með Færeyingi og fer með slógi úr fiskvinnslu í IFEX. Sótt á hverjum degi og kvittað fyrir móttöku. Fóður er í sílóum og því fellur enginn úrgangur til. Heimilissorp er sótt vikulega af Íslenska gámafélaginu.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Vöktun 2018 skv. samþykktri áætlun
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			X	Mælingar ársins hafa ekki verið gerðar.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Rekstraraðili áætla mælingar fyrir árslok. Sýni ehf.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Tvö frávík komu fram við eftirlit er varða skil á ársyfirliti árána 2015 og 2016 og skil á grænu bókhaldi árána 2015 og 2016. Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

Samantekt:

Stöð sem elur bleikju til manneldis. Sláturhús og vinnsla er einnig á staðnum. Dauðfiskur er sóttur daglega með úrgangi frá vinnslu. Tveir olúgeymar eru á staðnum, hvorugur tvöfaldur, í þró eða með árekstrarvörn. Viðbragðs- og neyðaráætlanir vantar. Rekstraraðili ætla að senda afrit af tryggingarskírteini v/bráðamengunar. Greinileg merki um uppsöfnun eru við útrás frárennslis.
Átta frávík frá starfsleyfi komu fram við eftirlitið er varða skil á ársskýrslu, skil á grænu bókhaldi, skil á útstreymisbókhaldi, áhættumat og viðbragðsáætlun

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

	v/bráðamengunar, neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar, frárennsli og olíugeyma. Ábending er gerð er varðar tryggingu v/bráðamengunar.
Annað:	Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu. Rekstraraðila er bent á að skv. samþykktri vöktunaráætlun skal mæla losun efna út í umhverfið í frárennsli á árinu 2018.

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Náttúra fiskirækt ehf Þorlákshöfn



Dags eftirlits	20.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Náttúra fiskirækt ehf	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Laxabraut 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	421111-1380	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Hjörleifur Brynjólfsson	ÍSAT nr.	03.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Átta frávik komu fram við eftirlitið er varða frárennsli, losun næringarefna, ársskýrslu, grænt bókhald, útstremisbókhald, áhættumat og viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, og olúgeyma. Tvær ábendingar eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Gr. 2.4 í starfsleyfi

Ekki má sjást uppsöfnun næringarefna nærri útrás frárennslis. Greinileg merki um uppsöfnun eru við útrás frárennslis.

Gr. 3.1 og 3.3 í starfsleyfi

Ekki hefur verið fylgst með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis með því að reikna hana út frá innihaldi fóður og upptöku næringarefna í eldinu.

Gr. 3.4 í starfsleyfi

Yfirlitsskýrsla skal send eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársskýrsla ársins 2017 hefur ekki borist. Útistandandi frávik eru ítrekuð, ársyfirlitum árána 2015 og 2016 hefur ekki verið skilað.

Gr. 3.5 í starfsleyfi

Grænt bókhald skal berast eftirlitsaðila á ári hverju fyrir 1. maí. Grænt bókhald vegna ársins 2017 hefur ekki borist. Útistandandi frávik eru ítrekuð, en grænt bókhald með undirskrift endurskoðanda og staðfestingu stjórnar fyrir árin 2015 og 2016 hefur ekki enn borist stofnuninni.

Gr. 3.5 í starfsleyfi

Útstreymisbókhald skal berast á ári hverju fyrir 1. maí.
Útstreymisbókhald barst eftirlitsaðila 13. ágúst sl. Frávikinu telst því lokið.

Gr. 4.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal vinna áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda sem skulu vera aðgengileg eftirlitsaðila. Hvorki áhættumati né viðbragðsáætlun hefur verið skilað.

Gr. 4.5 í starfsleyfi

Neyðaráætlun skal vera tiltæk ef til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar kemur. Neyðaráætlun hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila.

Gr. 41 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi

Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma. Tveir geymar eru á svæðinu sem er hvorugur í þró, tvöfaldur eða með árekstrarvörn. Að auki er annar geymirinn ryðgaður.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að senda eftirlitsaðila afrit af tryggingarskírteini v/ bráðamengunar.
Rekstraraðila er einnig bent á að bæta umgengni á svæðinu.


ANNAÐ

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur.

Rekstraraðila er bent á að skv. samþykktri vöktunaráætlun skal mæla losun efna út í umhverfið í frárennsli á árinu 2018.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.12.2018



Hulda Soffía Jónasdóttir